

Stjórnarfundur LH 8. júní 2007

7. fundur. Haldinn á Árhúsi, Hellu.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Sigrún Valdimarsdóttir og Þorvarður Helgason.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð samþykkt.

2. Samningur landbúnaðarráðuneytisins og Hólaskóla

Stjórnin lýsir furðu sinni á framkomnum samningi og mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem hann lýsir. Stjórnin samþykkti að kanna lagalega stöðu LH gagnvart kerfinu.

3. Menntastefna LH

Haraldur Þórarinnsson segir frá fundi með talsmönnum LBH á Hvanneyri. Nú þegar liggja fyrir frumdrög að stefnunni og er vinnan í fullum gangi.

Stjórnin lýsir ánægju með framkomin drög. Næstu skref eru að kostnaðargreina verkefnið til þess að sjá hvernig má leysa þann þátt, áður en lengra er haldið. Stefnan er að kynna málið á formannafundi í haust og að þá megi byrja að kenna í samræmi við kerfið.

4. Samningur við Gaddstaðaflatir um Landsmót

Stjórnin lýsir ánægju með að samningurinn sé loks í höfn og staðfestir framkomin samning. Þrátt fyrir þetta telur stjórn LH leiguprósentuna of háa en sé skref í rétta átt. Nauðsynlegt að teikningar af svæðinu liggi fyrir.

5. Staða fjármála LH

Maríanna Gunnarsdóttir fer yfir stöðu fjármála og kemur fram að staðan er samkvæmt áætlun eins og stefnt hefur verið að frá upphafi.

Fram kemur að Regína Gunnarsdóttir er á fullu við að vinna að samstarfssamningum við megin styrktaraðila ásamt því að samhæfa og sundurliða hver fær hvað. Landsliðsnefnd stendur vel eins og ævinlega og lofar það góðu upp á unglingslandsliðið.

6. Umsókn um styrk til Vegagerðarinnar

Haraldur Þórarinnsson greinir frá því að vegagerðin hafi fallist á að styrkja starf LH að reiðvegamálu um þrjár milljónir til sérstaks verkefnis, þ.e. starfsmann í hlutastarf til aðstoðar hestamannafélögunum í skipulagsmálum, við skráningu reiðleiða og umsóknir og framkvæmdaskýrslur reiðvega (sjá fylgiskjal). Stjórnin lýsir ánægju með styrkinn og samþykkir að fela Halldóri Halldórssyni að gera drög að samningi við starfsmann og leggja fyrir stjórn.

Nauðsynlegt er að koma verkefninu af stað sem fyrst. Haraldur og Sigfús Helgason fylgja málinu eftir ásamt Halldóri.

7. Önnur mál

a) Bréf um dómaramál, keppnisnefnd tók til umfjöllunar

Einar Ragnarsson lýsir svarinu en nauðsynlegt er að það berist stjórnarmönnum. Í þessu sambandi þarf að hafa samband við formann dómaranefndar og ítreka að stjórn berist fundargerð og afgreiðsla mála hjá þeim.

Samþykkt að boða dómaranefndina á fund í næstu viku.

b) Fundargerð síðasta fundar landsliðsnefndar

Málefni nefndarinnar virðast í góðu lagi og undirbúningur fyrir úrtöku í eðlilegum farvegi.

Nauðsynlegt að fá skýringar frá formanni nefndarinnar hvað það er sem tafið hefur kynningu á starfsreglum nefndarinnar fyrir nefndarmönnum.

c) Bréf til formanna um Íslandsmót yngri flokka

Stjórnarmönnum kynnt bréf sem sent var formönnum hestamannafélaga.

d) Sigfús Helgason segir frá **útskrift Hólaskóla** og kveðju LH til skólans og nemenda.

e) Yfirlýsing frá stjórn FEIF opið bréf.

Samþykkt að Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson og Sigurður Sæmundsson svari bréfi stjórnar FEIF og fari fram á nánari skýring á því hvað við er átt.

f) Skýrt frá fundi með stjórn Eiðfaxes.

g) Oddur segir frá að búið sé að samþykja að taka þátt í **Hestatorgi**. Oddur ber ábyrgð á efni LH ásamt Regínu.

h) Rætt um starfsmannamál.

i) Sigfús Helgason segir frá breyttri stöðu hestamanna á Ólafsfirði, sem virðast vera í uppnámi. Sigfús heldur áfram að vinna með Ólafsfirðingum áfram.

Næsti fundur stjórnar verði símafundur. Finna dagsetningar fyrir nefndarformannafund í september og formannafund LH í október.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson*